**Nd.** **230. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 26 1. febr. 1936, um alþýðutryggingar (þskj. 25).

Flm.: Pétur Ottesen.

Á eftir 2. gr. frv. kemur ný grein (3. gr.), svo hljóðandi (og breytist greinatala samkv. því):

Aftan við 27. gr. laganna kemur ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú sýnir atkvæðagreiðsla, að kauptún óskar ekki að stofna sjúkrasamlag í hreppnum samkvæmt þessum lögum, og á hreppurinn þá kröfu á að fá styrk úr ríkissjóði eftir þeim reglum, sem settar voru í lögum nr. 103 19. júní 1933, um sjúkrasamlög, enda sé haldið uppi sjúkrasamlagi í kauptúninu eftir reglum þeirra laga.